

Hafnarfjörður, 10. febrúar 2021

Alþingi  
Velferðarnefnd  
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

## Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um Samfélagstúlkun.

Þegar við skoðum túlkapjónustu á Íslandi í dag kemur í ljós að á henni eru því miður margir gallar. Mikilvægt er að taka til umræðu menntun samfélagstúlka á Íslandi til að koma þjónustunni í rétt horf.

Á Íslandi eru bara gerðar kröfur á sviði dómtúlkunar (sjá lög nr. 148/2000, um dómtúlka og skjalapýðendur), en engar opinberar kröfur væru gerðar til túlka að öðru leyti. Túlkum yrði veitt einhvers konar starfsleyfi ef þeir uppfylltu lágmarkskröfur sem opinberir aðilar gerðu til túlka (t.d. með því að sækja námskeið, öðlast fræðslu eða fá þjálfun).

Slíkt starfsleyfi væri ákveðin lausn ef opinberir aðilar vilji tryggja gæði túlkunar og að fjármunum til hennar verði sem best varið. Leyfið mætti útfæra á ýmsan hátt, t.d. væri hægt að sérhæfa sig í túlkun fyrir heilbrigðiskerfið og kröfur yrðu mismunandi eftir sviðum, aðrar kröfur og ábyrgð eiga við á heilbrigðissviði en í t.d. leikskólum. Opinber stofnun, eins og til að mynda Landspítalinn, gæti þá gert það að skilyrði að einungis túlkar sem uppfylli þessar kröfur fái að túlka hjá þeim. ( Skýrsla um túlkapjónustu til innflytjenda. 2011. Bls. 22-23

Í dag, er ástandið með þeim hætti að engar kröfur þarf að uppfylla, ekki hafa neitt sérstakt próf og enga sérstaka menntun. Þessu verður að breyta.

Sálrænt álag á túlkum getur verið gríðarlegt – ómenntaður túlkur sem aldrei fær að ræða sitt hlutverk, vinna úr ágreiningi o.s.frv., á miklu erfiðara með að ráða við verkefni sín sem geta til dæmis verið að túlka í barnaverndarmáli, kynferðisbrotamáli eða fyrir hælisleitendur. Í mörgum löndum eru samfélagstúlkar sérhæfðir túlkar, túlka einungis á spítölum eða einungis hjá félagsþjónustu en hér á landi er ekki um neitt slíkt að ræða, heldur þarf sami túlkurinn að túlka í starfsmannasamtali í byggingariðnaði, foreldraviðtali, á geðdeild eða fyrir dómi.

Túlkar segja að það borgi sig ekki að mennta sig í túlkastarfi þar sem vinna þeirra sé eingöngu verktakavinna. En hvað með alla rafvirkjana, smiðina,

pípulagningarmennina? Þeir eru líka oftar en ekki verktakar – en, þeir eru vel menntaðir í sínu fagi. Ein mistök eða misskilningur getur kostað mannlíf eða haft hrikalegir afleiðingar. Þó að yfirvöld borgi túlkum minna en helming þess sem þau borga viðgerðarmanni sem kemur til að líta á kaffivélina finnst þeim þjónustan dýr og á tímum sem þessum þarf að spara.

Ábyrgð túlks er mikil, hlutir eins og röng sjúkdómsgreining, trúnaðarbrestur eða vanlíðan barns vega þungt. Einnig eru sum samfélög innflytjenda mjög lítil og allir þekkjast og það getur gert starf túlks mjög erfitt og margir góðir túlkar hafa gefist upp eða þurft að fórna sínu eigin félagslífi. Samt er þessu starfi sýnd mjög lítil virðing; launin eru lægri en á kassanum í Bónus og það er undir viðkomandi túlkabjónustu komið hvort túlkar fái yfir höfuð einhverja fræðslu. Rammasamningar Ríkiskaupa eða sveitarfélaga gera engar formlegar kröfur til menntunar túlka.

Þess vegna er svo afar mikilvægt að túlkar undirgangist próf til að geta fengið starfsréttindi. Það er líka mikilvægt að flokka túlka eftir menntun og reynslu eins og gert er í flestum Evrópulöndum. Ef ekki verður gerð bragarbót búum við áfram við slæma túlkabjónustu að því það eru fleiri og fleiri útlendingar sem byrja að tala tungumál í landinu þegar allir geta starfað sem túlkar. Það eina sem þarf til að geta starfað sem túlkur er að kunna tungumál en það er þó ekki einu sinni metið sérstaklega. Það er gott að hafa í huga að núna er tækifæri til að breyta þessu. Það er nauðsynlegt.

Anna Karen Svövdóttir  
Túlkur og þýðandi

## Frá Bandalagi þýðenda og túlka

10. febrúar 2021

### 124. mál: Tillaga til þingsályktunar um samfélagstúlkun

Bandalag þýðenda og túlka fagnar þingsályktunartillögu um að skipa starfshóp um málefni samfélagstúlkunar með það að markmiði að auka aðgengi þeirra að opinberri þjónustu sem ekki tala íslensku eða nota táknmál. Í mörg horn þarf að líta með vaxandi fjölda erlends fólks sem koma hingað til lands, hvort sem er til lengri tíma eða skemmri. Heildstæð löggjöf eða samræming um allt er varðar túlkun fyrir fólk sem talar ekki íslensku eða talar bara táknmál væri til bóta - inn í slíka löggjöf eða samræmingu þarf að taka tillit til réttindamála, lögfræðimála, útlendingamála, innflytjendamála, heyrnarlausra, heyrnarskertra, mannréttinda, tungumála (erlendra og íslensku), menningar, o.s.frv. Aðgerða er þörf til að tryggja hlutlausu túlkun víðar en gert hefur verið, t.d. í tengslum við hjónaskilnaði og forræðismál, þar sem erlent fólk – sérstaklega konur – eru í töluvert viðkvæmari stöðu en íslenskumælandi fólk.

Bandalagið bendir þó á eftirfarandi atriði sem mætti breyta eða bæta í greinargerð:

- Í annari efnisgrein er nefnt að samfélagstúlkar hafi horfið til annarra starfa, t.d. innan ferðaþjónustunnar og að það þurfi að gera störf samfélagstúlka eftirsóknarverðari: „Mikil eftirspurn hefur verið eftir túlkum innan ferðaþjónustunnar og fjöldi túlka horfið frá samfélagstúlkun vegna starfa innan hennar. Nauðsynlegt er að stemma stigu við þeirri þróun og gera störf samfélagstúlka eftirsóknarverðari. Meðal annars mætti leita leiða til að fjölga túlkum og bæta menntun þeirra en einnig er nauðsynlegt að auka skilvirkni þjónustunnar, t.d. með opinberri stefnu um aðgengi að fjartúlkaþjónustu.“

Hér vantar umfjöllun um kjör túlka. Til að gera starfið eftirsóknarverðara, þarf að hækka grunnlaun og meta aukna menntun til launa. Ekki er ljóst við hvað er átt með „fjartúlkaþjónustu.“ Fjartúlkun er orðin mjög auðveld tæknilega og hefur fjöldi túlka héraðs sinnt slíkum verkefnum. Sé sú fjartúlkun hins vegar eingöngu keypt af fyrirtækjum sem staðsett eru erlendis grefur það undan atvinnu túlka sem búa og starfa á Íslandi og þar með einnig undan stéttinni, fagmennsku hennar og þróun varðandi menntun og gæðastýringu. Ef héraðar stofnanir sýna ekki þá samfélagslegu ábyrgð að skipta við túlka sem búa og starfa á Íslandi er hætt við að fáir eða engir slíkir túlkar verði til taks þegar túlkun verður að fara fram á staðnum. Við leggjum því til að við enda þessarar efnisgreinar verði bætt við:

- „Laun samfélagstúlka eru mjög lág og hvati túlka til að sækja sér sérstaka menntun í túlkun hefur ekki verið mikill, þar sem það hefur í fæstum tilvikum verið metið til launa. Átak þarf því að gera í kjaramálum samfélagstúlka í samvinnu við opinberar stofnanir og gætu hin ýmsu fagfélög túlka komið þar að borðinu varðandi samstarf. Það mætti einnig athuga hvernig þessum málum er háttað á hinum Norðurlöndunum.“

- Í næstsíðustu málsgrein er nefnt að: „Mikilvægt er að fundnar verði leiðir til þess að tryggja fjármagn svo að Háskóli Ísland geti haldið áfram að þróa og bæta nám í túlkun á háskólastigi og skoða möguleika á því að innleiða samfélagstúlkun í námskrá skóla á landsbyggðinni.“

Menntamálastofnun hefur nýlega vottað námskrá fyrir samfélagstúlkun á framhaldsskólastigi og er búið að innleiða námskrána hjá Mími og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Bandalagið leggur til að málsgreininni verði breytt á eftirfarandi hátt:

- „Mikilvægt er að fundnar verði leiðir til þess að tryggja fjármagn svo að Háskóli Íslands geti haldið áfram að þróa og bæta nám í túlkun á háskólastigi. **Til er nýleg námskrá fyrir samfélagstúlkun á framhaldsskólastigi og búið er að innleiða námskrána hjá Mími og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Það er á byrjunarstigi og er námið eins er aðallega ætlað samfélagstúlkum sem ekki hafa íslensku að móðurmáli. Það mætti skoða möguleika á því að innleiða samfélagstúlkun í námskrá fleiri framhaldsskóla á landsbyggðinni og útfæra betur nám sem hentar samfélagstúlkum sem hafa íslensku að móðurmáli. Góð leið til að auka fagmennsku varðandi samfélagstúlkun, væri að allir opinberir aðilar sem nota túlkapjónustu (ríki og sveitarfélög, í gegnum aðila sem sjá um útboðslýsingar) krefjist þess að túlkar séu með menntun skv. fyrrgreindri námskrá. Bandalagið telur raunhæfast að byrja á því að efla samfélagstúlkunarnám á þriðja þrepi hæfniramma um íslenskt menntakerfi, þar sem það samræmist vel hæfnisviðmiðum byggðum á starfaprófilnum „Starf samfélagstúlka“. Viðbótarmenntun á háskólastigi væri hins vegar til bóta og gæti falist í t.d. eins árs diplómanám. Auk menntunar almennt þarf einnig að tryggja námsefnisgerð sem miðar að því að ekki eru allir sem læra samfélagstúlkun læsir á ensku.“**

Með góðum kveðjum,

f.h. Bandalags þýðenda og túlka

Guðrún C. Emilsdóttir, formaður

Nefndarsvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Sent rafrænt í gegnum netfangið [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík 9.febrúar 2021

### **Efni: Umsögn við þingsályktun um samfélagstúlkun, 124.mál**

Félag heyrnarlausra vill koma á framfæri umsögn vegna þingsályktunnar um samfélagsfúlkun, 124.mál. Félagið lítur svo á að tillagan sé byggð á vanþekkingu um stöðu íslenska táknmálsins og réttarstöðu þeirra sem reiða sig á það til samskipta og tjáningar. Aðgengi þeirra sem reiða sig á íslenskt táknmáli að opinberri þjónustu verður ekki bætt með skipun á starfshópi sem ætlað er að móta stefnu um samfélagstúlkun án þess að hafa þekkingu og skilning á þörfum þeirra er notast við íslenskt táknmál í daglegu lífi. Félagið bendir á mikilvægi þess að þekkja lög nr. 61/2011, um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Málafni táknmálstúlkunar og túlkunar á öðrum tungumálum á ekki samleið í svona starfshópi að okkar mati. Réttarstaða íslenska táknmálsins er mun meiri en þeirra sem þiggja túlkun frá öðrum tungumálum en íslensku eða íslensku táknmáli og mun sérhæfðara málafni sem Félag heyrnarlausra og þeir sem hafa þessa þekkingu benda á.

Virðingarfyllt fyrir hönd Félags heyrnarlausra,

Heiðís Dögg Eiríksdóttir  
formaður

Reykjavík, 8/2/2021

Alþingi  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samfélagstúlkun. Þingskjal 125 - 124. mál. Lagt fyrir á 151. löggjafarþingi 2020-2021.**

Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis sem barst Háskóla Íslands varðandi beiðni um umsögn um tillögu til þingsályktunar um samfélagstúlkun 27.01.2021.

Háskóli Íslands telur fyllstu ástæðu til taka undir erindi ályktunarinnar og vill leggja áherslu á menntun samfélagstúlka.

Fyrst er til þess að taka að víða í löggjöf og ályktunum Alþingis er kveðið á um túlkun á vegum hins opinbera:

- 5. gr. laga um réttindi sjúklinga
- 12 gr. laga um meðferð sakamála
- 25. gr. laga um útlendinga
- 9. gr. laga um stöðu íslenskrar tungu
- 10. gr. laga um meðferð einkamála
- 36. og 40. gr. laga um fullnustu refsinga
- 14. gr. Alþjóðasamnings um borgaraleg réttindi
- 5. gr. Laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd Norðurlandasamning um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu
- Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda (samþykkt 29/5/2008)
- Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016-2019 (samþykkt 20/9/2016)

Engar reglur eru til um menntun samfélagstúlka á Íslandi þrátt fyrir að slík túlkun sé orðin stór þáttur í samskiptum fjölmargra opinberra aðila við innflytjendur og flóttamenn. Samfélagstúlkar gegna mikilvægu hlutverki í heilbrigðis- og velferðarkerfinu og í skólum landsins, auk þess sem starf þeirra skarast við verkefni dómtúlka hjá Útlendingastofnun, sýslumönnum, lögreglu og stundum dómstólum, ef ekki er unnt að finna dómtúlk í tilteknu tungumáli. Þetta ástand hefur leitt til vandamála á öllum þessum sviðum og ríkir umtalsvert óöryggi um þessi mál á margan hátt, eins og mátti raunar lesa í skýrslu Fjölmeningarseturs til velferðarráðuneytisins frá 2011:

[https://www.velferdarraduneyti.is/media/ritogskvyrslur2011/26012011\\_Tulkathjonusta\\_til\\_innflytjenda.pdf](https://www.velferdarraduneyti.is/media/ritogskvyrslur2011/26012011_Tulkathjonusta_til_innflytjenda.pdf)

Hugvísindasvið Háskóla Íslands hefur um árabíl boðið upp á nám í þýðingum og túlkun á háskólastigi, sem aukagrein í þýðingafræði á BA-stigi, sem hagnýtt viðbótardiplóma í framhaldsnámi, í táknmálstúlkun á BA-stigi og loks fullt MA-nám í þýðingafræði, nýttjapýðingum eða ráðstefnutúlkun. Einnig hefur verið reynt að bjóða upp á eins árs diplómanám í samfélagstúlkun.

Helstu vandkvæðin við að bjóða upp á menntun til að tryggja gæði felast í því að litlar sem engar kröfur eru gerða til samfélagstúlka í útboðum Ríkiskaupa og geta ýmsir aðilar boðið í þjónustuna án þess að leggja fram vottorð um hæfi túlka. Einnig hefur borið á því að farið sé að nota ensku sem starfsmál, stundum með aðstoð símaþjónustu erlendis frá. Þessi óheillaþróun býður upp á misskilning og vandamál á viðkvæmum stöðum í lífi þess fólks sem á þarf að halda, hvort sem það er í heilbrigðis-, velferðar-, mennta-, eða dómskerfi landsins og er brýnt að bæta úr þessu með því að bjóða upp á nám sem veitir túlkum vottorð um undirbúning sinn. Önnur leið væri að viðurkenna aðeins túlka sem sannanlega hefðu næga menntun og/eða reynslu og vera með þá á lista ráðuneytanna svipað og gerist með lista yfir dómtúlka.

Innan Háskóla Íslands er fagleg þekking til að bjóða upp á frekara nám í samfélagstúlkun, en kostnaðarsamt er að halda uppi slíku námi þar sem ekki það er ekki hægt að reka í stórum hópum og því fellur það illa að þeim reikniflokki sem notaður er fyrir Hugvísindasvið Háskóla Íslands. Aftur á móti er ljóst að þörfin fyrir fagfólk á þessu sviði er mikil og sívaxandi. Þar sem starf samfélagstúlka snertir gjarnan viðkvæm persónuleg mál fólks er afar mikilvægt að vandað sé til faglegrar menntunar þeirra. Háskólinn hefur reynt að bjóða í tilraunaskyni upp á slíkt nám, en miðað við núverandi aðstæður hefur skólinn ekki bolmagn til að halda því uppi eða þróa það frekar. Eigi meiri hluti samfélagstúlka að hafa próf sem staðfestir hæfni þeirra til túlkunar er nauðsynlegt að gera gangskör í þeim málum er varða menntun þeirra. Hugvísindasvið Háskóla Íslands er reiðubúið að taka þátt í þeirri þróun.



Gauti Kristmannsson, Professor í þýðingafræði

HÁSKÓLI ÍSLANDS.  
HUGVÍSINDASVIÐ  
*Gauti Kristmannsson*

Alþingi  
Velferðarnefnd  
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

151. löggjafarþing 2020–2021.  
Þingskjal 125 — 124. mál.  
Tillaga til þingsályktunar  
Velferðarnefnd

Reykjavík, 10. febrúar 2021  
Sendandi: Mímir-símenntun ehf.

## Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um Samfélagstúlkun.

Mímir-símenntun fagnar tillögu til þingsályktunar velferðarnefndar um samfélagstúlkun enda vekur hún athygli á brýnu málefni sem varðar okkar samfélag.

Mímir vill vekja athygli á því að undanfarin tvö ár hefur Mímir boðið upp á námið Samfélagstúlkun fyrir markhóp framhaldsfræðslu í samstarfi við Fræðslusjóð sem niðurgreiðir námið. Námið er 130 klukkustunda nám á þriðja þrepi hæfniramma um íslenska menntun, sem mögulegt er að meta til sex eininga á framhaldsskólastigi. Námið er ætlað þeim sem sinna eða hafa hug á að sinna starfi við samfélagstúlkun sem felst í því að miðla munnlega merkingu á milli aðila sem ekki tala sama tungumál, án þess að taka afstöðu til viðfangsefnisins.

Árið 2017 hlaut Mímir styrk úr Þróunarsjóði innflytjendamála til að *hæfnigreina starf samfélagstúlka* eftir aðferðarfræði sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur innleitt og Mími hefur verið veitt leyfi til að nota. Hæfnigreiningin var unnin í samstarfi við fagfólk úr atvinnulífinu sem til starfs samfélagstúlka þekkja en um 10-20 manns komu að greiningunni auk stýrihóps sem var til ráðgjafar frá upphafi greiningar. Niðurstöður hæfnigreiningar kallast starfaprófill og innihalda skilgreiningu og hæfnikröfur fyrir viðkomandi starf en Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vottar gæði starfaprófilsins. Í kjölfarið vann Mímir námskrána *Samfélagstúlkun* byggða á niðurstöðum þessarar hæfnigreiningar og styrktu Efling, Starfsafl og Landsmennt gerð hennar. Námskráin hlaut vottun Menntamálastofnunar árið 2019. Með vottun Menntamálastofnunar á námskránni eru gæði og gegnsæi námsins tryggð (sbr. 6. gr. laga um



framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og 8.-10. gr reglugerðar um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011), auk þess sem vottuðum símenntunaraðilum er tryggður notkunarréttur á henni.

Tilgangurinn með námskránni er meðal annars að veita innflytjendum tækifæri til þess að bæta við menntun sína og styrkja stöðu þeirra í samfélaginu almennt, sem og að tryggja framboð túlkunar.

Markmiðið með verkefninu féll vel að áherslum þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016-2019 en þar segir: "Eflid verði gæði og framboð íslenskukennslu fyrir innflytjendur þannig að íslenska nýttist einstaklingum til virkrar þátttöku í samfélaginu. Til að bæta þjónustu samfélagstúlka verði útbúið námskeið fyrir túlka og haldin stöðupróf í nokkrum tungumálum." (Alþingi 20. september 2016).

Margir sem túlka hafa ekki tök á að sækja nám við Háskóla Íslands, meðal annars vegna þess að þeir uppfylla ekki kröfur um stúdentspróf eða aðrar kröfur til náms á háskólastigi. Samfélagstúlkánám er einnig ekki alltaf í boði við Háskóla Íslands. Námskráin *Samfélagstúlkun* er vottuð námsleið, niðurgreidd af Fræðslusjóði, og er sérstaklega gerð fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar með það fyrir augum að styrkja og efla gæði samfélagstúlkunar. Fjölmarginir innflytjendur hafa náð góðum tókum á íslensku og túlka án þess að hafa stundað formlegt nám. Áriðandi er að túlkun um flókin og viðkvæm mál, ákvarðanir og úrræði, sé fagleg og skili góðum árangri og réttar upplýsingar tryggðar. Túlkurinn þarf að kunna bæði tungumálin vel til að geta túlkað rétt. Mikilvægt er að túlkur skilji vel hugtök sem tengjast við þjónustuna, þekki innviði íslensks samfélags, helstu stofnanir og hlutverk þeirra til þess að ná góðum árangri í túlkun. Þessum mikilvægu atriðum eru gerð skil í námi byggðu á námskránni *Samfélagstúlkun*.

Til að efla þessa mikilvægu þjónustu við innflytjendur á öllum sviðum samfélagsins og styrkja faglegan starfsgrundvöll túlka er nauðsynlegt að opinberar stofnanir geri kröfur um að túlkar hafi stundað vottað nám í samfélagstúlkun. Mímir lýsir yfir samstarfsvilja varðandi þetta mikilvæga málefni.

### **Almennt um Mími-símenntun**

Mímir er viðurkenndur fræðsluaðili af mennta- og menningarmálaráðuneyti. Mímir starfar samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og býður upp á almennt og starfstengt nám á framhaldsskólastigi fyrir fullorðin fólk sem ekki hefur lokið framhaldsmenntun. Einnig býður Mímir nám í íslensku sem öðru máli á stigum 1-5 og tungumálanám. Enn fremur er starfrækt náms- og starfsráðgjöf, ráðþegum að kostnaðarlausu.

Mímir hefur hlotið formlega viðurkenningu um að starfsemin standist evrópskar kröfur um gæði fræðslustarfs, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar. Um er að ræða EQM gæðavottun fræðsluaðila (European Quality Mark) og EQM+ sem staðfestir gæði raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar.

Mímir er stærsta símenntunarmiðstöð landsins og er hluti af neti alls 11 símenntunarmiðstöðva sem eru starfræktar á landinu. Langflestir innflytjendur á Íslandi búa á höfuðborgarsvæðinu. Hjá Mími er löng og yfirgripsmikil reynsla af því að starfa með og fyrir innflytjendur. Er þar umfangsmest almenn og starfstengd íslenskukennsla en yfir 1000 nemendur stunduðu nám í íslensku sem öðru máli á síðasta ári á vegum Mímis.

**Fyrir hönd Mímis-símenntunar,**



Framkvæmdastjóri, Mímir-símenntun

Reykjavík, 10. febrúar 2021

**Umsögn við þingskjal 125 – 124. mál.  
Tillaga til þingsályktunar um samfélagstúlkun**

Staða íslensks táknmáls og íslensku er skv. íslenskum lögum önnur en staða annarra tungumála, sbr. lög nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmál. Það er því brýnt að sá starfshópur sem lagt er til að verði skipaður skoði stöðu íslensks táknmáls sérstaklega.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, sem er málstöð íslensks táknmáls, leggur áherslu á að sá starfshópur sem lagt er til að verði skipaður hafi náð samráð við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, Félag heyrnarlausra, Málnefnd um íslenskt táknmál og Hugvísindasvið Háskóla Íslands (þar sem grunnnám í táknmálsfræði- og táknmálstúlkun er kennt) við mótun stefnu um eflingu samfélagstúlkunar. Þá leggur Samskiptamiðstöð áherslu á að við skipun starfshópsins sé tryggt að a.m.k. einn fulltrúi sé skipaður úr röðum þeirra sem starfa við ofangreindar stofnanir og/eða félög og hafi yfirgripsmikla þekkingu á málefnum íslensks táknmáls, stöðu þess og sögu táknmálstúlkunar.

---

Kristín Lena Þorvaldsdóttir,  
forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar  
heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Hafnarfjörður, 10. febrúar 2021

Alþingi  
Velferðarnefnd  
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

## **Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um Samfélagstúlkun.**

Túlkafélag á Íslandi vill benda sérstakelga á að það eru ekki til engar reglur og kröfur gerðar til starfs túlka, td. krafa um framvísun sakarvottorðs jafnvel reglur meðal annars hversu margar klukkustundir þeir geta unnið, hvaða texta ber að greiða, og hvar þeir geta kvartað.

Tungumálaerfiðleikar og menningarmunur einkenna samskipti heilbrigðisstarfsfólks við sjúklinga af erlendum uppruna og túlkabjónusta kemur þá til bjargar.

Túlkabjónusta í heilbrigðiskerfinu er oft fyrsta túlkabjónusta sem innflytjendur fá eftir komu sína til landsins, enda segir í lögum um útlendinga, að „ef fólk sem sækir um dvalarleyfi fer ekki í læknisskoðun innan tveggja mánaða frá komu til Íslands, verður dvalarleyfi ekki gefið út og þá verður dvöl umsækjanda ólögmat. Ólögmat dvöl getur leitt til brottvísunar og endurkomubanns.“ (Lög um útlendinga, gr. 20). Gera má ráð fyrir að íslenskukunnátta þeirra sé engin þegar hér er komið sögu og menningaleg aðlögun á frumstigi.

Oft heilbrigðisstarfsfólk metur og ákveður sjálf hvort sjúklingurinn tali nógu góða ensku eða íslensku og því sé óþarfi að kalla til túlk. Hún leggur áherslu á að virða eigi ósk skjólstæðings um túlk og einnig að læknar og annað heilbrigðisstarfsfólk sé ekki í aðstöðu til að meta í hvaða tilfellum sjúklingur skilur eða skilur ekki tungumálið nægilega vel. Þegar enginn túlkur er til staðar er ákvarðanatataka um meðferð og rannsóknir hjá sjúklingnum sem ekki talar tungumálið og slíkt getur verið erfitt og dýrkeypt. tungumálið og slíkt getur verið erfitt og dýrkeypt. Auk þess getur skjólstæðingur ekki tekið upplýsta ákvörðun þegar hann hefur ekki skilning á upplýsingum um það sem í boði er í heilbrigðiskerfinu. Auk þess fá sjúklingar sem ekki

tala tungumálið ekki eins mikið af upplýsingum um það sem er í boði til dæmis í barneign-arferlinu og þeir sem skilja og tala tungumálið. Sumstaðar í heilbrigðiskerfinu er talinn felast sparnaður í því að sleppa túlki en rannsóknir hafa sýnt að sparnaðurinn er enginn þar sem kostnaður af óþarfa rannsóknum eða mistökum er meiri.

Í heilbrigðisþjónustu þarf túlkur ekki bara að kunna tungumálið reiprennandi, heldur þarf hann einnig að hafa sérþekkingu á læknisfræðihugtökum og reynslu af heilbrigðiskerfinu. Niðurstöður rannsókna sýna að þegar fullnægjandi túlkajónusta er veitt leiðir það af sér betri samskipti, meiri ánægju meðal sjúklinga, betri útkomu og aukið öryggi fyrir sjúklinga. Eins og margar rannsóknir sem hafa verið gerðar á samskiptum heyrnarlausra og innflytjenda við heilbrigðisstarfsfólk sýna er betri útkoma á meðferðum og meiri ánægja skjólstæðinga þegar faglærður túlkur er notaður. En á Íslandi kemur því miður hvergi fram, til dæmis ekki í lögunum, að túlkurinn þurfi að vera faglærður, eingöngu að túlkun upplýsinga skuli tryggð. Ómenntaðir túlkar, tungumálaerfiðleikar, menningarmunur og ónóg notkun á túlkajónustu því miður leitt til aukinnar hættu á alvarlegum atvikum.

Túlkun í heilbrigðiskerfi er mjög erfið túlkun því margs konar truflanir geta haft áhrif á starf túlksins, t.d. þegar sjúklingur á erfitt með að tjá sig eftir slys, áfall, vegna veikinda eða geðsjúkdóma. Á bráðamóttökum eða á sjúkrahúsum fer viðtal oftast fram á göngunum eða í stofum þar sem aðrir sjúklingar eru, þar sem mikill hávaði getur verið frá fólki, vélum og tækjum sem getur truflað mikið. Ennfremur, afar algengt í heilbrigðiskerfinu að kallað sé á túlk á síðustu mínútu eða túlkur sé vakinn upp um miðja nótt, honum ekki gefnar neinar upplýsingar og mætir þá á staðinn án þess að vita hvað gerðist. Það er ekki hægt að undirbúa sig fyrir svona túlkun. Stundum lendir túlkur í aðstæðum sem hann vill ekki vera í og orðið um seinan að afþakka verkefni. Það er mikilvægt fyrir hann að fá upplýsingar áður en hann mætir í verkefni til að undirbúa sig fyrir það andlega. Þá er einnig skortur á afmörkuðu rými fyrir túlk þar sem hann getur slakað á, undirbúið sig fyrir verkefni sem honum er ætlað að sinna eða bara til að vera í á meðan hann bíður. Túlkur getur þurft að bíða klukkustundum saman með sjúklingi á sjúkrahúsi við erfiðar aðstæður eftir að læknir komi og slíkt getur reynt afar mikið á og verið þreytandi. Túlkun innan heilbrigðiskerfisins er langalgengasta túlkun á Íslandi, en eins og staðan er í dag eru faglegir túlkar ekki til staðar en það leiðir oft til þess að

túlkajónustan er ekki fullnægjandi og viðhorf til túlkastarfs er oft heldur neikvætt. Eins og áður var nefnt er túlkastarf í heilbrigðisþjónustu sérstaklega erfitt þegar tekið er tillit til siðferðilegra eða menningarlega álitamála. Það er langt í land áður en túlkajónusta kemst í ásættanlegt horf. Það þarf að mennta túlka og gera kröfur til starfs þeirra.

## **Fyrir hönd Félagtúlka**

Anna Karen Svövudóttir  
Formaður Félagtúlka